

*Myndir: Brynja Bjarkadóttir*







# Nýir félagar í læknastétt

Læknafélag Íslands bauð nýútskrifuðum læknum úr læknadeild HÍ 2008 til móttöku í húsakynnum félagsins. Hinir nýbökuðu læknar undirrituðu þar hinn forna læknaeið og nutu veitinga og viðurkenninga í kjölfar glæsilegs árangurs.

Birna Jónsdóttir formaður LÍ ávarpaði hópinn og kynnti fyrir þeim hlutverk og starfsemi Læknafélagsins en sagði síðan að fyrir unga lækna í dag væri mikilvægt að hugsa stórt og í alþjóðlegu samhengi.

Lilja Sigrún Jónsdóttir, formaður kvenna í læknastétt, tók næst til máls og tilnefndi óvænt til verðlauna Brynhildi Tinnu Birgisdóttur fyrir hæstu meðaleinkunnina í hópi kvenna í útskriftarárganginum. Verðlaunin sjálf verða síðan veitt á aðalfundi félagsins í haust.

Að lokum ávarpaði Stefán B. Sigurðsson, formaður læknadeildar HÍ, hópinn. Hann sagði þetta vera síðasta útskriftarhópinn sem fór í gegnum klásuspófið svokallaða og annar hópurinn sem tekið hefur bandaríska CSE-prófið. Stefán sagði að íslenski hópurinn hefði verið aðeins fyrir ofan ameríska meðaltalið bæði núna og í fyrra og mættu menn vera stoltir af því.

Nokkuð jöfn kynjaskipting er í útskriftarhópnum í ár en konurnar eru þó ívið fleiri. Í máli Stefáns kom fram að þróunin væri greinilega sú að konur yrðu í meirihluta, t.d. hefðu stúlkur verið um 70% nemenda í inntökuprófunum síðastliðið haust og að þannig væri skiptingin orðin í allflestum deildum.



## Embættispróf í læknisfræði frá HÍ 14. júní 2008

Aðalheiður Rósa Jóhannesdóttir
Alda Birgisdóttir
Árdís Björk Ármannsdóttir
Ásthildur Erlingsdóttir
Baldur Helgi Ingvarsson
Bjarki Kristinsson
Brynhildur Tinna Birgisdóttir
Dýrleif Pétursdóttir
Elísabet Björgvinsdóttir
Eyjólfur Þorkelsson
Eyþór Örn Jónsson
Geir Hirlekar
Guðrún Þuríður Höskuldsdóttir
Gunnar Þór Geirsson
Gunnar Steinn Mánason
Gunnar Thorarensen
Haukur Heiðar Hauksson
Hálfdán Pétursson
Heiðdís Valgeirsdóttir
Heiðrún P. Maack
Helgi Már Jónsson
Hildur Guðjónsdóttir
Hrafnhildur Hjaltadóttir
Hrefna Katrín Guðmundsdóttir
Ingi Hrafn Guðmundsson
Ingi Karl Reynisson
Kamilla Sigríður Jósefsdóttir
Kristján Þór Gunnarsson
Lovísa Björk Ólafsdóttir
Magnús Karl Magnússon
Ólöf Jóna Elíasdóttir
Ólöf Júlía Kjartansdóttir
Rannveig Linda Þórisdóttir
Sigríður Margrét Möller
Sigríður Erla Óskarsdóttir
Sigurður Árnason
Sigurður Ragnarsson
Svanhvít Hekla Ólafsdóttir
Sverrir Ingi Gunnarsson
Sverrir Jónsson
Sæmundur Jón Oddsson
Tryggvi Þorgeirsson
Vala Kolbrún Pálmadóttir
Valgerður Rós Sigurðardóttir
Þorsteinn Viðar Viktorsson
Þórarinn Arnar Ólafsson
Þórhildur Halldórsdóttir
Þórunn Helga Felixdóttir
Örlygur Arnarson